

# FRÉTTABLAÐIÐ

233. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR


— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

MÁNUDAGUR 7. OKTÓBER 2019

AUGLÝSING

## Við erum Terra





# Gámapjónustan, Gámapjónusta Norðurlands, Efnamóttakan og Hafnarbakki heita núna Terra

Við viljum að flokkun sé einföld og sjálfsögð. Við viljum hjálpa til við að bæta umgengni okkar við jörðina. Við bjóðum heimilum, fyrirtækjum og sveitarfélögum víðtæka umhverfispjónustu. Við erum leiðandi á okkar sviði, fljót að tileinka okkur nýjungar og höfum ástríðu fyrir að fræða og miðla.

Við höfum metnað fyrir því að skilja ekkert eftir og viljum hvetja og auðvelda Íslendingum að takast á við þá áskorun. Að skilja ekkert eftir er okkar þýðing á hugtakinu „Zero Waste“ og lýsir vel markmiðum okkar í endurvinnslu og meðhöndlun úrgangs.

Nafnið Terra er latneskt heiti jarðargyðjunnar og eitt af nöfnum plánetunnar sem er heimkynni okkar allra.







Ósæðarlokuskipti eru umfangsmikil hjartaskurðaðgerð sem tekur fjórar til fimm klukkustundir. Brjóstholið á sjúklingnum er opnað og hjartað stoppað. Á meðan sér hjarta- og lungnavél um að dæla blóði út í líkamann og um loftskipti fyrir lungun. Ósæðin er opnuð, kalkaða lokan fjarlægð og skipt út fyrir gerviloku. Tómas Guðbjartsson hjarta- skurðlæknir segir framtíðarhorfur hjartaaðgerða bjartar og lífslíkur þeirra sjúklinga sem fara í hjartalokuaðgerðir góðar. Sjá síðu 4 MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON/ARTIC-IMAGES

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS

## Segir vottunarkerfi spítala ónothæft

Formaður Læknafélags Íslands segir jafnlaunavottunarkerfi Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri ónothæft og það taki ekki mið af störfum lækna. Hann segir mannauðssvið Landspítalans hafa kallað lækna á fundi vegna kerfisins á miklum álagstímum.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru alvarleg mistök að halda áfram með starfsmatskerfið til jafnlaunavottunar sem Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri vinna að. Kerfið er ónothæft og fangar hvorki eðli né inntak læknastarfsins,“ segir Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands. Læknafélagið sendi frá sér

harðorða ályktun um málið á aðalfundi sínum nýverið.

Reynir segir að læknar fagni því almennt að passað sé upp á að laun kynjanna séu jöfn, vandinn við kerfið sem Landspítalinn ætli að innleiða sé að í því sé ekki gert ráð fyrir læknum og þeirra menntun. Það hafi spítalinn viðurkennt.

„Við byrjuðum að gera athugasemdir við þetta í febrúar. Við höfum fundað margt með stjórn Landspítalans en það hefur ekkert þokast áfram í því,“ segir Reynir.

Varðandi kostnaðinn við kerfið segir Reynir það geta hlaupið á allt að hundrað milljónum króna. Kallar hann eftir að önnur kerfi verði

skoðuð en talað sé fyrir daufum eyrum. Læknafélagið hefur hvatt lækna til að taka ekki þátt í fundum vegna kerfisins. „Það var verið að kalla starfsfólk inn á vinnustofur vegna þessa kerfis föstudaginn þrettánda síðastliðinn, daginn sem allt ætlaði að fara á hliðina hérna á spítalanum, þá var mannauðssviðið

að kalla til tugi lækna,“ segir Reynir. „Það er vandséð hvernig spítalinn, hvað þá læknar, geti réttlætt að taka þátt í þessu þegar staðan er svona á spítalanum. Eins og skurðlæknarnir töluðu um, það er búið að skipuleggja aðgerðir langt fram í tímann og ótal manns að bíða, þeir sögðu bara nei.“ – ab / Sjá síðu 4

### Blóðug mótmæli í Írak

**ÍRAK** Rúmlega hundrað manns hafa látið lífið í átökum mótmælenda og lögreglu í Írak á tæpri viku.

Fjöldi mótmælenda safnaðist saman á Tahrir-torginu í Bagdad á þriðjudaginn en síðan þá hafa mótmælin færst verulega í aukana, breiðst út til nærliggjandi borga og orðið blóðugri.

Mótmælendur setja fram kröfur um upprætingu spillingar í landinu ásamt bættu ástandi á atvinnu-markaði.

Rúmlega sex þúsund manns eru særðir eftir átökin, þar af um 1.200 lögreglumenn.

Forsætisráðherra landsins boðaði til neyðarfundar á laugar- dag þar sem hann lagði fram nýja stefnu fyrir íbúa landsins.

– bdj / sjá síðu 6

### MDE kallar eftir svörum

**STJÓRNSÝSLA** Mannréttindadómstóll Evrópu, MDE, hefur kallað eftir svörum frá stjórnvöldum í tengslum við kærnu Ólafs Ólafssonar vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá 2017 um aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003. Telur hann málsmeðferðina jafngilda sakamáli. Um er að ræða spurningar í fimm liðum, þar á meðal hvort hann hafi notið réttlátrar málsmeðferðar og hvort hann hafi notið þess réttar að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð.



– ab / Sjá síðu 2

Vnr 06 68 62

**Omeprazol Actavis 20 mg**

14 magasýrupolin hörð hylki

**Omeprazol Actavis**

20 mg, 14 og 28 stk.

Magasýrupolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

**Actavis**

**nettó**

**FERSKUR FISKUR í verslunum Nettó**

**HAFÍÐ FISKVERSLUN**

AUSTURBÆR  
**VIÐBURÐAHÚS**

**FUNDIR, VEISLUR TÓNLEIKAR & FL.**


**3 SALIR**

**50 - 1.000 GESTIR**

518 4000 / [info@tales.is](mailto:info@tales.is)



## Veður



Suðaustan 3-10 með rigningu A-lands. Yfirleitt þurr annars staðar og léttskýjað á NV-landi. Austan- og norðaustanátt á morgun. Hiti 7 til 13 stig. **SJÁ SÍÐU 16**

## Í raun refsing án dóms og laga

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu, MDE, hefur tekið til skoðunar kæru Ólafs Ólafssonar, eins aðaleigenda Kaupþings, vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá 2017 um aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar frá 2017 var það afdráttarlaus niðurstaða að Hauck & Aufhäuser hafi aldrei fjárfest í Búnaðarbankanum, hafi það í raun verið Welling & Partners, félag sem er skráð á Tórtóla. Ólafur kærði niðurstöðuna til MDE sumarið 2017. Telur hann málsmeðferðina jafngilda sakamáli, en hann hafi ekki notið réttinda sakbornings.



Ólafur Ólafsson.

„Vinna og birting á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis vó alvarlega að orðspori mínu og æru án þess að ég hefði nokkurt tækifæri til að koma við vörnum eða nýta þau réttindi sem við teljum sjálf-sagt að fólk, sem borið er þungum sökum af hálfu stjórnvalda, njóti. Þótt skýrslan hafi verið skrifuð undir því yfirskini að varpa ljósi á 15 ára gamalt mál fólust í henni alvarlegar og einhliða ásakanir á mig sem í engu eru réttlætningar,“ segir Ólafur.

Segir hann málsmeðferðina jafngilda í raun refsingu án dóms og laga. „Í þessari einhliða árás á mig var ekkert tillit tekið til þess að ríkið tók á sínum tíma hæsta tilboði í opnu söluferli, kaupverðið var greitt að fullu og engum blekkingum var beitt.“ Hafi tilboð S-hópsins verið metið hagstæðast jafnvel án aðkomu erlends banka. – ab

## Sigurvegarinn Melvin



Mikið var um að vera á alþjóðlegri kattasýningu Kynjakatta sem fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Kötturinn Melvin, sem sést hér á myndinni, var valinn „bestur á sýningunni“ í hópi ungdýra. Hlaut hann bikar og borða að launum. Strangar reglur um heilbrigði gilda á sýningum sem þessum og koma dómarmannir víða að. Eigandi Melvins fylgdist með þegar verið var að eiga við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS



Búast má við rigningu víða um land.

## Miklar rigningar

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands hefur gefið út gula viðvörðun á Suðausturlandi og Austfjörðum í dag.

Á Austfjörðum má búast við austan 10-15 metrum á sekúndu og talsverðri rigningu og á Suðausturlandi er gert ráð fyrir hvassri austan- og norðaustanátt með talsverðri rigningu, þá einkum austan Öræfa.

Viðvörðunin tók gildi klukkan sex í morgun og má búast við að veðri taki að slota um ellefu leytið í kvöld.

Búast má við þurru veðri annars staðar á landinu og að léttskýjað verði á Norðvesturlandi. Hiti 7-13 stig. – bdj

# Enginn hefur beðið Ólínu afsökunar

Þingvallanefnd hefur beðið ríkislögmann að semja um bætur við Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur sem sótti um starf þjóðgarðsvarðar, vegna þess að jafnréttislög voru brotin. Spurt er um ábyrgð formanns nefndarinnar.

**STJÓRNSÝSLA** Þingvallanefnd hefur beðið ríkislögmann að semja um bætur við Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur, þjóð- og bókmenntafræðing, um bætur. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar nýverið. Kærunefnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu í vor að jafnréttislög hafi verið brotin þegar Einar Á.E. Sæmundsen var skipaður í starf þjóðgarðsvarðar fram yfir Ólínu.

„Málið er í farvegi. Það hafa staðið yfir viðræður við ríkislögmann um nokkurn tíma um bætur. Á meðan þær viðræður standa yfir þá tel ég ekki rétt að tjá mig mikið um málið,“ segir Ólína. Ef ekki tekst að semja hyggst hún leita til dómstóla. „Ég myndi nú telja að báðum aðilum sé rétt og skylt að reyna að ná samningum áður en til þess kemur. Ég vona að það skýrist fljótlega hvert framhaldið verður.“

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar, segir að ekki liggja fyrir nein upphæð í kröfðunni. Samþykkti nefndin að leita til ríkislögmanns.

Umræður sköpuðust á fundinum um ábyrgð Ara Trausta í tilefni af úrskurðinum í vor.

„Þetta voru bara umræður um hvort það væri einhver ástæða til að formaður axlaði einhverja ábyrgð fram yfir aðra varðandi þennan úrskurð, þetta voru bara umræður fram og til baka. Engar niðurstöður. Telji einhver nefndarmanna rétt að ræða hvort formaðurinn beri ábyrgð umfram aðra nefndarmenn, er orðið við því,“ segir Ari Trausti.

Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi Miðflokksins í nefndinni, segir að hann hafi spurt Ara Trausta um hvernig hann mæti stöðu sína í ljósi þess að Ari Trausti hafi verið



Ólína Kjerúlf Þjóð- og bókmenntafræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þingvallanefnd féllst á að lúta þessum úrskurði. Það kemur fram í úrskurðinum að þetta snýst um huglæga matsþætti, ekki faglega. Það var ekki rétt frá þeim gengið.

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar



mótfallinn því að Bergþór Ólason sæti sem formaður umhverfis- og samgöngunefndar. „Ég hef ekkert á móti Ara Trausta sem formanni, þetta var bara spurning, ekki vantraustsyfirlýsing eða eitthvað slíkt,“ segir Karl Gauti.

Ari Trausti segir ákvörðunina um að ráða Einar sem þjóðgarðsvörð fram yfir Ólínu hafa verið tekna í atkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meirihluti réði. „Formaðurinn er ekkert öðruvísi staddur þegar kemur að því,“ segir Ari Trausti. Hann segir niðurstöðuna ekki hafa truflað störf nefndarinnar. „Þingvallanefnd féllst á að lúta þessum úrskurði. Það kemur fram í honum að þetta snýst í meginatriðum um huglæga matsþætti, ekki þá faglegu. Það var ekki rétt frá þeim gengið við ráðgjöfina sem við fengum.“

Ólína svarar því neitandi hvort einhver hafi beðið hana afsökunar. „Enginn fulltrúi meirihlutans sem bar ábyrgð á þessari ákvörðun hefur haft samband við mig, hvorki til að biðja mig afsökunar eða ræða þetta við mig að öðru leyti. Þá ekki formaður nefndarinnar, hvorki opinberlega né í einkasamtölum.“ arib@frettabladid.is

**ÚRVAL ÚTSÝN**

**Bergþór Ólafsson**  
VOR 2020

ÚRVAL SPENNANDI ÁFANGASTAÐA  
VERÐ FRÁ **79.900 KR.**  
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á [UU.IS/BORGIR](http://UU.IS/BORGIR)



+PLÚS



## Aðgerð fyrir opnum tjöldum

Framtíð hjartaaðgerða er björt að sögn Tómasar Guðbjartssonar hjartaskurðlæknis. Ragnar Th. Sigurðsson tók stórkostlegar myndir af slíkri aðgerð.






+PLÚS



## Verðlaunakettir

Mikið var um að vera á alþjóðlegri kattasýningu Kynjakatta sem fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Margir voru búnir að leggja mikið á sig fyrir stóra daginn. Strangar reglur gilda á sýningum sem þessum og koma dómarnir víða að. Eins og kattaeigendur þekkja eru kettir mismiklar félagsverur og geta virst ansi brúnarpungir eins og þessir verðlaunakettir sem sátu fyrir á myndum Ernís Eyjólfssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, í gær.







**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER WAY**



# LAND CRUISER

## EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



**Verð frá: 8.480.000 kr.**



Konungur jeppanna er aftur mættur til leiks í veglegri sérútgáfu, Land Cruiser Adventure með fjallmyndarlegum aukahlutapakka sem toppar allt og tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti.

**Land Cruiser Adventure aukahlutapakki:** 33" breyting, dráttarbeisli, húddhlíf og krómstútur á púst.  
**Heildarverðmæti: 660.000 kr.**

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum Land Cruiser, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Toyota bifreiðum.**



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



## Ótækt að læknar geti ekki samið um laun

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri eru meðal þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem þurfa lögum samkvæmt að fá jafnlaunavottun fyrir áramót. Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands, segir að læknar fagni því almennt að passað sé upp á að laun kynjanna séu jöfn, vandinn við kerfið sem Landspítalinn ætli að innleiða sé að í því sé ekki gert ráð fyrir læknum og þeirra menntun.

Kerfið sé fengið frá breska heilbrigðiskerfinu, NHS, en þar nái það yfir annað starfsfólk, ekki lækna. Unnið sé að því innan spítalans að aðlaga það.

**Grunnurinn í kerfinu er gallaður og hefur ekki verið lagaður við svokallaða aðlögun. Það kom fram við frumpröfun, Landspítalinn hefur viðurkennt það. Kerfið ber þess augljós merki að enginn læknir hafi komið nálægt því.**



Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands

„Grunnurinn í kerfinu er gallaður og hefur ekki verið lagaður við svokallaða aðlögun. Það kom fram við frumpröfun, Landspítalinn hefur viðurkennt það. Kerfið ber þess augljós merki að enginn læknir hafi komið nálægt því. Sem dæmi, sérfræðilæknir með langa menntun að baki er metinn eins og hann sé með minni menntun en einhver með doktorspróf á öðru sviði,“ segir Reynir.

Telur hann hættu á því að þar sem kerfið verði til frambúðar verði það notað til launaviðmiðunar í stofnanasamningum. „Það er ótækt að læknar fari inn í slíkt með skekkt virði okkar starfa og við getum ekki samið um okkar kaup, heldur sé það ákvarðað af mannaútskrifstofu og vottunaraðila úti í bæ.“

Hafi hann talað fyrir innleiðingu annarra kerfa, sem aðrar heilbrigðisstofnanir séu að innleiða, en talað fyrir daufum eyrum.

Varðandi kostnaðinn við kerfið segir Reynir það geta hlaupið á allt að hundrad milljónum króna. Miðar hann þá við vinnustundir sem fara í kerfið sjálft, við það megi svo bæta vinnutapi heilbrigðisstarfsfólks við að mæta á fundi og vinnuhópa vegna þess. – ab

# Hjartalokuaðgerðir reynast geta umbylt lífsgæðum

Tiðni ósæðarlokupregsla eykst með aldri en kölkun í lokum veldur því að hjartað á erfiðara með að tæma sig. Niðurstöður í nýrri rannsókn sýna fram á að sjúklingar sem fara í hjartaaðgerð eiga gott líf fyrir höndum. Ósæðarlokuskipti er umfangsmikil aðgerð sem tekur fjórar til fimm klukkustundir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Flestir sjúklingar með ósæðarlokupregslu, sem fara í aðgerð til að skipta um loku, eiga gott líf fyrir höndum.

Þetta er niðurstaða nýrrar íslenskrar rannsóknar sem birtist í læknatímaritinu Journal of Cardiac Surgery. Sindri Aron Viktorsson læknir er höfundur og er rannsóknin hluti af doktorsverkefni hans. Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og prófessor, stýrði rannsókninni.

Af 600 sjúklingum sem tóku þátt í rannsókninni var aðeins eitt tilvik um galla í hjartaloku. Örfá tilvik voru með sýkingu í loku.

Ósæðarlokupregslu eru algengasti hjartalokusjúkdómurinn á Vesturlöndum. Einstaklingar með þennan sjúkdóm finna fyrir mæði og sumir geta jafnvel átt erfitt með að labba upp stiga. Sjúkdómurinn getur einnig valdið brjóstverkjum, hjartsláttaröreglu og jafnvel skyndidauða.

„Þessi sjúkdómur á eftir að verða stærra vandamál eftir því sem Íslendingar lifa lengur,“ segir Tómas í samtali við Fréttablaðið.

Tiðni sjúkdómsins eykst með aldri en kölkun í lokublöðunum veldur því að hjartað á erfiðara með að tæma sig. Horfur eru slæmar án meðferðar, sjúklingum versnar hratt og líflengdin án meðferðar er mæld í fáeinum árum. Góðu fréttirnar eru að horfurnar eru frábærar við rétta meðhöndlun ef marka má niðurstöður rannsóknarinnar.

Ósæðarlokuskipti eru önnur algengasta hjartaskurðaðgerð á Íslandi og svo virðist sem aðgerðin bæti lífsgæði sjúklinga til muna.

„Það eru fáar aðgerðir sem hafa slíkan dramatískan bata hjá sjúklingum í för með sér,“ segir Tómas og bætir við að aðgerðin sé ekki síður árangursrík hjá eldra fólki.

„Í fyrri rannsóknum höfum við notað upplýsingar frá þjóðskrá og útbúið viðmiðunarþóp með sama aldur og kyn og sjúklingarnir. Þá kemur í ljós að þeir sem fara í þessa aðgerð lifa næstum jafn lengi og jafnaldrar þeirra af sama kyni, sem voru ekki með ósæðarlokupregslu. Það er ekki marktækur munur á lífsloftum þessara hópa. Ef þeir mæta í eftirlit þá er árangurinn frábær.“

Stærsti hluti af tímabilinu sem skoðað er í rannsókninni er fyrir



„Þessi sjúkdómur á eftir að verða stærra vandamál,“ segir Tómas. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON/ARCTIC-IMAGES

## Þjónusta á pari við nágrannalöndin

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir segir að jákvæðar niðurstöður í rannsókn um ósæðarlokuskipti komi ekki á óvart en séu samt sem áður mikilvægar fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

„Það er mikilvægt fyrir okkur, sem störfum á einni af minnstu hjartaskurðdeildum Evrópu, að vita að okkar þjónusta sé á pari við nágrannalöndin. Íslendingar láta ekki bjóða sér annars flokks þjónustu.“

**Flestir fá lífræna gerviloku**  
Eldri sjúklingar með ósæðarlokupregslu, sem eru í miklum meirihluta, fá loku úr kálfi eða svíni. Yngra fólk fær oftast loku úr

hertu kolefni sem endist alla ævi en krefst þess að sjúklingar séu í ævilangri blóðþynningarmeðferð.

### Þrætt í gegnum slagæð í nára

Á Íslandi var hafin ný meðferð árið 2012, þegar tekin var upp ný tækni, svokölluð TAVI-aðgerð, þar sem lífrænni loku er komið fyrir með þræðingartækni í gegnum slagæð í nára. Þessi aðgerð kemur til greina hjá sjúklingum sem ekki eru taldir þola opna aðgerð.

Þá stendur til að gera frekari rannsóknir á þessum tilfellum með þátttöku Ingibjargar Guðmundsdóttur, yfirlæknis hjartaþræðinga.

tíma ósæðarlokuúsetninga eða TAVI-aðgerða (e. Transcatheter aortic valve implantation).

„Ósæðarlokupregslu hljóma kannski sakleysilega, en þetta er sjúkdómur með mjög slæmar horfur ef hann er ekki meðhöndlaður.

Ég held að árangurinn eigi eftir að batna enn meira. Þessi rannsókn sýnir það að talsvert eldra og veikara fólk er að fara í þessa aðgerð eftir því sem liður á árin. Við erum einnig að fá sjúklinga inn fyrir. Rannsóknin snýst þó ekki um að líta á

Það eru fáar aðgerðir sem hafa slíkan dramatískan bata hjá sjúklingum í för með sér.

Tómas Guðbjartsson  
hjartaskurðlæknir

batatölur yngri sjúklinga til þess að fá betri niðurstöður. Þessi árangur sýnir að jafnvel þó að fólk sé komið til ára sinna, þá er samt full ástæða til að skoða viðkomandi einstakling annaðhvort með tilliti til TAVI-aðgerða eða opinna aðgerða. Í staðinn fyrir að vera hjartabílað á hjúkrunarheimili, þá getur fólk komist aftur á lappir og séð um sig sjálft,“ segir Tómas.

Kostnaður við ósæðarloku og aðgerð getur hlaupið á mörgum milljónum króna en sjúklingar greiða sjálfir ekki krónu vegna greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga. Þó aðgerðir sem þessar kosti mikið fyrir kerfið þá er ávinningur gríðarlegur og umskiptin allmikil. [ingunnlara@frettabladid.is](mailto:ingunnlara@frettabladid.is)



jeep.is

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

### JEEP® GRAND CHEROKEE FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚDAFJÓDRUN
- LÆSING Í AFTURDRIF

**JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.**

33" BREYTTUR



**SELFLOSS**  
ÞAR SEM LÍFIÐ Á SÉR STAÐ



# Ævintýrastaður

Óspillt náttúra umlykur Selfoss, þar sem ævintýri  
eiga sér stað á hverjum degi.





## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1** 20 fastir eftir að tveggja hæða rúta valt á hliðina Tveggja hæða strætisvagn keyrði út af vegi, í Devonskíri í Bretlandi, og valt.

**2** Harður árekstur á Höfðabakkabrú Tveir bílar skullu harkalega saman á Höfðabakkabrú í morgun. Báðir ökumenn sluppu með minni háttar áverka en einn þurfti aðstoð slökkviliðs við að komast út úr bílnum.

**3** Annar uppljóstrari stígur fram Annar uppljóstrari stígur fram í máli um meint embættisbrot Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Fulltrúadeildin mun sennilega ræða við umræddan uppljóstrara, búi hann yfir nákvæmum upplýsingum um símtal Donalds Trump og Volodímirs Zelenskij, forseta Úkraínu.

**4** Reyndi að fremja sjálfsvíg eftir að fjölskyldumeðlimur misnotaði hana Nadiya Hussein, sigurvegari sjöttu seríu af The Great British Bake Off, reyndi að fremja sjálfsvíg aðeins tíu ára gömul eftir að fjölskyldumeðlimur hennar braut á henni kynferðislega þegar hún var fimm ára.

**5** Að ganga inn í rými á forsendum fatlaðra kvenna Freyja Haraldsdóttir er eitt af viðfangsefnum í sýningu Báru Halldórsdóttur sem fer fram í dag á listahátíðinni List án landamæra. Gestum hátíðarinnar er boðið að koma inn í heim fatlaðra kvenna á þeirra forsendum og upplifa umhverfi sem er sérhannað fyrir konurnar.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

## Annar uppljóstrari stígur fram

**BANDARÍKIN** Annar uppljóstrari hefur komið fram í máli um meint embættisbrot Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Þetta segir Mark Zaid, lögfræðingur upphaflega uppljóstraras.

Fulltrúadeild Bandaríkjaþings setti af stað formlega rannsókn á því hvort Trump hefði framið embættisbrot í september. Hvíta húsið opinberaði upplýsingar um símtal á milli Trumps og Volodímirs Zelenskij, forseta Úkraínu. Þar kemur fram að Trump bað Zelenskij um að rannsaka Joe Biden, mögulegan forsetaframbjóðanda Demókrata.



Donald Trump Bandaríkjaforseti.

Ferlið fór af stað eftir að fyrri uppljóstrarinn sendi frá sér opinbera kvörtun þar sem hann sakaði Trump um að nota embættisvald sitt til að reyna að hafa áhrif á komandi forsetakosningar.

Umræddur uppljóstrari hlustaði ekki beint á símtalið en fékk upplýsingar frá þriðja aðila sem hafði hlustað á fyrrnefnt símtal. Seinni uppljóstrarinn, sem kom fram í dag, á að hafa vitneskju frá fyrstu hendi. – **ilk**

## Fjölbreytni fagnað í Póllandi



Regnbogafáninn var alls ráðandi í fyrstu Pride-göngu í pólsku borginni Nowy Sacz í gær. Borgarstjórinn hafði upphaflega bannað gönguna en þeirri ákvörðun var hnekkt af dómstólum. Ýmis íhaldssöm stjórn málaöfl í Póllandi hafa notað LGBTQ-samfélagið til hræðsluáróðurs gegn kaþólskum gildum í landinu. Samtök kaþólsku kirkjunnar í borginni boðuðu til göngu á sama tíma með áherslu á kaþólsk gildi. **NORDICPHOTOS/GETTY**

# Yfir hundrað manns létu lífið í blóðugum mótmælum í Írak

Rúmlega hundrað manns hafa látið lífið og yfir 6.000 eru slasaðir eftir blóðug átök í mótmælum í Írak. Kröfur mótmælenda eru útrýming spillingar í landinu og fleiri störf fyrir íbúana.

**ÍRAK** Eitt hundrað og fjórir hafa látið lífið í mótmælum í Írak undanfarna daga samkvæmt talsmanni innanríkisráðuneytis landsins, Saad Maan. Mótmælin beinast gegn stjórnvöldum í Bagdad, höfuðborg landsins, og fleiri borgum í suðurhluta Íraks.

Maan lét hafa eftir sér í gær að 6.107 manns hefðu sæst í mótmælunum og þar af eru um 1.200 lögreglumenn.

Mótmælin hófust á þriðjudag og stóðu enn í gær en ekki er vitað hvort fleiri létu lífið í átökunum í gær.

Undanfarna daga hefur mikill fjöldi lögreglumanna unnið að því að koma mótmælendum frá Tahrirtorgi en þar hófust mótmælin á þriðjudag. Síðan á þriðjudag hafa mótmælin færst í aukana, breiðst út til nærliggjandi borga og orðið blóðugri með hverjum deginum.

Tveimur árum eftir ósigur Íslamska ríkisins í landinu er öryggisgæsla betri en verið hefur um árabil, en á sama tíma ríkir hömlulaus spilling í landinu, innviðir hafa ekki verið endurbýggðir og mikið er um atvinnuleysi.

Upphaf mótmælanna má rekja til þess að sjálfspottnar fylkingar ungra Íraka kröfðust atvinnu og upprætingar spillingar í landinu.



Í það minnsta hundrað og fjórir hafa látið lífið í blóðugum mótmælum Írak á innan við viku. **NORDICPHOTOS/GETTY**

●● Það sem mestu máli skiptir í þessu öllu er að lágmarka mannfall.

NaAdel Abdul Mahdi, forsætisráðherra Íraks

Adel Abdul Mahdi, forsætisráðherra Íraks, boðaði til neyðarfundar á laugardagskvöld þar sem hann setti fram nýja sautján þrepa áætlun. Áætlunin felur meðal annars í sér auknar niðurgreiðslur húsnæðiskostnaðar fyrir fátæka, auknar atvinnuleysistryggingar og námskeið til uppbyggingar fyrir atvinnulaus ungmenni.

Fjölskyldum þeirra sem látist hafa í átökunum hefur einnig verið lofað aðstoð í formi umönnunar og peningaupphæða.

„Ég sver það við Guð að það sem mestu máli skiptir í þessu öllu er að lágmarka mannfall,“ sagði forsætisráðherrann á fundinum.


Mótmælendur voru enn þá á götum úti í gær en þó hafði dregið úr átökum síðan á laugardag. Að sögn ráðamanna landsins mátti þó gera ráð fyrir frekari átökum þegar líða tæki á kvöldið og nóttina. Hundruð lögreglumanna eru í viðbragðsstöðu komi til frekari átaka.

**birnadrofn@frettabladid.is**





**BJÓÐUM  
12 MÁNAÐA  
VAXALAUS LÁN**



# DROTTNINGA DAGAR



**DROTTNING VIKUNNAR**



## AMELIA

STÆRÐ 160X200 CM

**DROTTNINGARVERÐ**

**83.538 KR.**

FULLT VERÐ 119.340 KR.

**30%  
AFSLÁTTUR**

- 5 SVÆÐASKIPT HEILSURÚM
- STYRKTIR KANTAR
- FRÁBÆR AÐLÖGUN
- GÓÐ ÞYNGDARDREYFING
- INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR

**KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP**

**BJÓÐUM 12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN**

**rekkjan**  
HEILSURÚM



# Sókninni gegn EES hrundið



Davíð Stefánsson  
david@frettabladid.is

**S**tarfshópur sem utanríkisráðherra skipaði að beiðni þrettán þingmanna um mat á EES-samningnum skilaði skýrslu sinni í vikunni. Verkefnið var að leggja mat á ávinning Íslands af þátttökunni í EES-samstarfinu.

Vandað var til verka hjá starfshópnum undir forystu Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra. Rætt var við 147 manns frá fjórum ríkjum, aðildin sett í sögulegt samhengi, og ítarlega farið yfir flesta þætti framkvæmdar EES-samningsins.

Niðurstaða skýrslunnar er mjög eindregin: Aðild að innri markaði Evrópu hefur verið Íslandi mikið gæfuspor. Án EES-samningsins væri hætta á einangrun, stöðnun og afturför í íslensku þjóðlífi.

Með þátttöku í innri markaði Evrópu tók íslenskt þjóðfélag miklum stakkaskiptum. Í aldarfjórðung hefur fólk og fyrirtækjum verið tryggð jöfn staða, lagalegur grunnur og fyrirsjáanleiki. Stuðlað hefur verið að nýsköpun, samkeppnishæfni og velsæld.

Átakanleg umræðan um þriðja orkupakkann sýndi að ýmsir stjórnálamenn sáu eingöngu ásælni erlendra þjóða í stað tækifæra til samstarfs. Skýrslan segir aðkomu Íslendinga að fagstofnunum Evrópusambandsins ekki ögrun við þjóðina heldur tækifæri til aukinna áhrifa á mótun mála innan EES.

Þar segir einnig að með fjölþjóðasamvinnu gætum við mun betur íslenskra hagsmuna en með gerð tvíhliða samninga. EES myndar ramma fyrir viðtæka lögbundna fjölþjóðlega samvinnu í Evrópu: „Einstakir tvíhliða samningar eru, þótt mikilvægir séu, aldrei jafngildir aðild að fjölþjóðlegu markaðsbandalagi. ... Sameiginlegar leikreglur viðskipta með viðurkenndum gjaldmiðli skapa skilvirkni og stuðla að framþróun atvinnulífs.“

Þetta fer gegn þeirri furðulegu stefnu margra forystumanna íslenskra stjórnamála að alþjóðatengsl Íslands eigi að byggjast að mestu á tvíhliða samningum. Lítið fer nú fyrir öllum tækifærunum við útgöngu Bretá úr Evrópusambandinu.

Þeir sem óskuðu eftir skýrslunni ráku flestir harða andstöðu gegn þriðja orkupakkanum. Þar lögðust allir á eitt: Morgunblaðið, hávær harðlinuöfl í Sjálfstæðisflokknum og Miðflokkurinn. Þar drógu talsmenn einangrunar og þjóðrengu í efa nauðsyn alþjóðasamvinnu og fundu sér stöðugt tilefni til að mótmæla alþjóðlegum skuldbindingum og Evrópusamvinnu.

En þessi barátta hefur haft þveröfugar afleiðingar. Sókninni var hrundið og það staðfest sem kannanir hafa sýnt að drjúgur meirihluti Íslendinga telur hagsæld landsins byggjast að miklu leyti á alþjóðlegri samvinnu. Skipbrot æsingamanna er algjört.

Ef eitthvað er hefur stuðningur við aðild að innri markaði Evrópu aukist. Samsæriskennningar stöðust ekki rök sem byggðust á málefnalegri þekkingu og yfirvegun. Þar er skýrslan um EES sterkt framlag.



Niðurstaða skýrslunnar er mjög eindregin: Aðild að innri markaði Evrópu hefur verið Íslandi mikið gæfuspor.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Starfsmannaleyndin

Opin og gagnsæ stjórnsýsla er ekki eitthvað sem Seðlabanki Íslands getur státað af. Um daginn var Freyr Hermannsson, forstöðumaður fjárstýringar, rekinn frá bankanum. Freyr er sonur aðstoðarseðlabankastjóra og benda heimildir til þess að brottreksturinn sé liður í áætlun Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra um að rýma til fyrir nýju fólk. Aðspurður hvort Freyr væri að vinna þar var fyrsta svarið að ekki væri hægt að ræða starfsmannamál. Samkvæmt upplýsingalögum er þó sérstaklega tekið fram að opinberum aðilum er skylt að upplýsa um hverjir starfa þar, hvaða stöðu þeir gegna og hvað þeir eru með í laun.

### Húmor

Húmor Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors fyrir sjálfum sér er eitthvað takmarkaður þessa dagana. Í stað þess að brosa að skopmyndinni af sér í helgarblaðinu gerði hann ráð fyrir að hún væri á einhvern hátt runnin undan ríkjum eins eigna blaðsins. Fór hann þá að birta myndir „úr sínum förum“ til að skjóta til baka á þetta vonða fólk. Það getur þó varla verið að hann sé vel kunnugur slíkum furðuafskiptum af skopmyndum á öðru dagblaði þar sem hann er innsti koppur í búri annars ritstjórans. arib@frettabladid.is

## Frístundakort upp í skuld



Kolbrún Baldursdóttir  
borgarfulltrúi  
Flokks fólksins

Til þess að gera öllum börnum kleift að stunda tómstundastarf gefur Reykjavíkurborg út frístundakort. Þessi kort má nota til að niðurgreiða kostnað vegna tómstundastarfs og er 50.000 krónur. Þannig er frístundakortinu ætlað að tryggja börnum efnaminni fjölskyldna aðgang að skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Upphæðin er reyndar of lág til að dekkja að fullu námskeið allt að 10 vikum en sú tímalengd er eitt af skilyrðum fyrir notkun kortsins. Foreldrar greiða mismuninn, þ.e. þeir foreldrar sem það geta. Börn foreldra sem ekki geta greitt mismuninn geta ekki sótt svo dýr og löng námskeið. Hugsunin með frístundakortinu var engu að síður sú að jafna stöðu barna og gefa þeim tækifæri til íþrótt- og tómstundastarfs. Þessi tilhögun bitnar mest á efnaminni fjölskyldum sem eiga í erfiðleikum með að greiða fyrir dvöl barns síns á frístundaheimili og eru því tilneydd að gripa til frístundakortsins í þeim tilgangi.

Það á ekki að girða fyrir tómstundastarfi barna af fjárhagslegum ástæðum. Flokkur fólksins leggur til að fjárhagsaðstoð verði veitt óháð því hvort frístundakort barns er nýtt og að kortið sé einungis nýtt í þeim tilgangi sem því var ætlað. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð og fjölbreytni í tómstundastarfi. Ad spyrdá rétt barns til frístundakorts við umsókn foreldra um fjárhagsaðstoð og skuldaskjól eða nota það sem gjaldmiðil upp í greiðslu vegna nauðsynlegrar dvalar barns á frístundaheimili er brot á rétti barnsins.



Það á ekki að girða fyrir tómstundastarfi barna af fjárhagslegum ástæðum.

## TUDOR Rafgeymar

Sterkir **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is



# Aðgát í nærveru fréttar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í gamla daga, þegar maður var patti, var fullorðna fólkíð endalaust að hlusta eða horfa á fréttirnar. Og ef það var ekki að hlusta á fréttirnar þá var það að hlusta á veðurfréttirnar. Og ef það var ekki að hlusta á veðurfréttir þá dánarfréttir. Og jarðarfarir. Og tíðindi af skipakomum.

Kvöldfréttatímarinn voru heilagastir. Manni var gert að hafa sig hægan við matarborðið á meðan alvörugefinn þulur reifaði tíðindi dagsins og lág-mæltir viðmælendur sögðu álit sitt á stöðu málanna eða sökudólgar í uppnámi freistuðu þess hraðmæltir að snúa vörn í sókn. Fréttastefið gamla hljómar enn í huganum, eins og berg-mál frá horfum tíma. Ég mun alltaf geta raulað það. Það kæmi mér ekki á óvart ef það yrði síðasta stefið sem ég raulaði fyrir munni mér þegar ég geng gráhærður og tannlaus út í mannskætt óveður hamfarahlýnunar árið 2072, hundrað ára gamall, til að deyja.

Öll kvöld. Alltaf. Í fréttum er þetta helst. Horfur slæmar fyrir botni Mið-jarðarhafs. Afli línubáta með lakara móti. Líkur á djúpum haustlægðum. Smygl afhjúpað. Fyrirtæki gjaldþrota. Drykkja í miðbænum. Viðhaldi bygginga ábótavant. Óværa í trjágróðri. Verkfallsaðgerðir. Launaskrið. Verg þjóðarframleiðsla. Gjalddeyrisvaraförði. Erjur. Vandí. Stríð.

## Breytt samband við bölið

Á síðari tímum hef ég velt því fyrir mér hvaða áhrif þessi þáttur mannlífsins hefur haft á hugmyndir mínar um veröldina. Á hverjum degi lífsins — ekki sist á mótunarárum — hefur mér



semsagt skilmerkilega verið sagt frá því sem aflaga hefur farið í heiminum hverju sinni, hörmungum sem eiga sér stað, glæpum, vodaverkum, mistökum manna og svimandi erfiðleikum. Á hverjum degi lífsins hefur beðið mín dagskammtur af böli.

Fyrir nokkru áttaði ég mig reyndar á því að samband mitt við fréttir hefur breyst mjög. Ég geri ráð fyrir að sama gildi um marga aðra. Netíð kom. Maður fór að sjá fyrirsagnirnar hér og þar, í tölvunni og í símanum. Það nægði. Maður getur rennt yfir þær hvenær sem er. Ég hætti að hlusta og horfa á fréttir í útvarpi og sjónvarpi fyrir nokkuð löngu síðan. Ég uppgötvaði að þetta hafði góð áhrif á sálarlífið. Betri stjórn á því hvernig bölið dynur á manni, með vaxandi notkun netmiðla, hefur reynst mikilvæg.

Maður getur valið betur stað og

stund. Ákveðið að lesa sumt en skauta yfir annað. Stundum hefur það gerst að ég hef verið í aðstæðum þar sem kvöldfréttatímar hinnar línulegu dagskrár eru í gangi. Ég hef sest niður og horft eins og í gamla daga. Þá finn ég hvernig þyrmir yfir mig. Þyngslin aukast. Gott ef ég fer ekki að ofanda. Von fjarar út. Blik augna minna deyr. Ég hreinlega get ekki lengur setið og hlustað á svona þungbrýnt fólk segja mér frá því í einni romsu hverjir eru að rifast í dag, hvar hörmungar eiga sér stað og hverjir eru ekki að standa sig. Fréttatíminn hefur orðið mér bölstundin. Vodaverkatiðindi. Hörmungasögur. Ég sneiði því almennt hjá fréttatímum, nema þegar eitthvað rosalegt er að gerast.

## Punkturinn

Ekki er við fréttafólk að sakast. Það sinnir hlutverki sínu almennt, held

ég, eftir bestu getu og reynir að mæta fréttabörfl landsmanna. Og það slær jafnvel á léttu strengi. En það er þetta með áhrifin til langs tíma. Hugarheimur verður til í hinu stórvarasama samneyti við daglegar fréttir. Hér er dæmi: Fréttir — og auðvitað ýmislegt annað líka, eins og bíómyndir — hafa á ævi minni innrætt mér þá djúpstæðu skoðun, að heimurinn sé hættulegur. Nema hvað. Hann er jú fullur af glæpum. Á ferðum minum með fjölskyldu minni á fyrri hluta árs um lönd sem jafnvel hafa talist með þeim hættulegustu í heimi uppgötvaði ég hins vegar hversu einföld og yfirborðsleg þessi mynd er. Auðvitað eru fávitar til, en við sáum hins vegar ekki betur en að heimurinn væri almennt fallegur og fólkíð gott. Við uppgötvuðum að fréttirnar af illskunni voru áratugagamlar. Þær stóðu hins vegar óleiðréttar í huganum og skutu þar djúpum rötum ranghugmynda.

Ja, hérna, hugsaði ég. Rosalega hefur maður bögglast með brenglaða heimsmynd. Punkturinn? Jú, vegna þessara pælinga og upplifunar undanfarið finnst mér ég skilja betur af hverju heilu samfélögin — rötgróin lýðræðisríki jafnvel — eru á haus þessi árin út af alls konar misskilningi og rugli. Ég held að hér á landi hafi fréttir að mestu verið sannleikanum samkvæmar. Þær hafa verið unnar faglega og fluttar af vel meinandi fólki. Samt hafa þær náð að fokka í mér á löngum tíma. Ímyndum okkur þá hvað hefur orðið um fólk sem hefur mátt búa við fréttir um langt skeið sem hafa meira eða minna verið uppspuni frá rötum, eins og í Bretlandi? Er furða að allt sé á hvolfi?



Auðvitað eru fávitar til, en við sáum hins vegar ekki betur en að heimurinn væri almennt fallegur og fólkíð gott.

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt

**Beltone Trust™** heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



# Stendur loksins undir væntingum

Adama Traore skoraði bæði mörk Úlfanna í óvæntum 2-0 sigri á Manchester City um helgina. Miklar væntingar voru gerðar til Traore þegar hann kom upp úr unglिंगastarfi Barcelona og virðist Nuno Espírito Santo hafa fundið hlutverk fyrir kantmanninn.

**ENSKI BOLTINN** Adama Traore minnti heldur betur á sig um helgina þegar hann skoraði bæði mörk Úlfanna í 2-0 sigri á Manchester City á Etihad-vellinum. Traore reyndist varnarmönnum Manchester City afar erfiður með styrk sínum og hraða og voru Úlfarnir búnir að hóta marki þegar Traore braut ísinn skömmu fyrir leikslok. Með mörkunum tveimur hefur Traore þegar skorað meira en í 66 leikjum á þremur tímabilum á undan þessu.

Úlfarnir eru farnir að sýna sitt rétta andlit og eru nú búnir að vinna þrjá leiki í röð í öllum keppnum með heimsókn til Tyrklands síðasta fimmtudag og eru farnir að þökast upp töfluna á meðan Manchester City er að missa Liverpool fram úr sér á toppi deildarinnar.

Eftir átta umferðir er forskot Liverpool átta stig enda hefur Manchester City þegar tapað átta stigum á tímabilinu eftir að hafa aðeins tapað sextán stigum allt síðasta tímabil. Fram undan er landsleikjahlé. Að landsleikjahlénu loknu eru fimm umferðir sem gætu átt eftir að skipta heilmiklu máli í vor þegar Liverpool og City mætast á Anfield ásamt því að Liverpool mætir Tottenham og Manchester United á meðan Manchester City mætir Chelsea.

## Gekk illa að festa rætur

Traore er fæddur og uppalinn í Katalóníu þar sem hann kom upp úr hinni margrómuðu unglingsakademíu Barcelona, La Masia. Traore vakti ungur athygli, sautján ára var hann kominn í varalið Barcelona og því fylgdi eldskirn með aðalliði Barcelona rúmum mánuði



HETJA HELGARINNAR



Ég hef leikið í ýmsum stöðum síðan ég kom til Englands en ég er bara ánægður að fá að spila. Með þessu áframhaldi mun mér ganga betur á þessu tímabili.

**Adama Traore**  
hetja Wolves

## Adama Traore

Fæddur og uppalinn á Spáni og á að baki leiki fyrir yngri landslið Spánar. Hann á ættir að rekja til Malí og gæti leikið fyrir hönd lands foreldra sinna.

Tim Sherwood, þjálfari Traore hjá Aston Villa, sagði að hann væri á sinn hátt bæði líkur Cristiano Ronaldo og Lionel Messi.



Traore er einstakur leikmaður og er sífellt að bæta sig. Hann er mjög fljótur og þegar við þurftum á honum að halda stóðst hann allar okkar væntingar.

**Nuno Espírito Santo**  
knattspyrnustjóri Wolves

» Traore afþakkaði tilboð frá Pep Guardiola þegar sá spænski stýrði Bayern München árið 2015.

siðar sem varamaður fyrir Neymar í deildinni og þremur dögum síðar fékk Traore fyrstu mínútur sínar í Meistaradeildinni. Það reyndust síðustu mínútur hans með aðalliði Barcelona það árið en ári síðar skoraði Traore fyrsta mark sitt fyrir aðalliði Barcelona í spænska bikarnum.

Ljóst var að það yrði afar erfitt fyrir Traore að brjóta sér leið inn í aðalliði enda Barcelona með hið ógnarlega sóknarþrieyki Lionel Messi, Neymar og Luis Suárez á þeim tíma. Kaus Traore því að yfirgefa Barcelona nítján ára gamall og koma til Englands þar sem Aston Villa varð fyrir valinu. Börsungar höfðu þó það miklar mætur á Traore að þeir kröfðust þess að hafa klásúlu um endurkaup (e. buy back clause) í samningi Traore.

Honum tókst hvorki að standa undir væntingum hjá Aston Villa né Middlesbrough sem keypti Traore einu ári síðar og olli miklum vonbrigðum í ensku úrvalsdeildinni. Hraði og styrkur var til staðar en Traore tókst aldrei að nýta sér líkleglega burði sína á vellinum.

Tvó ár í röð féll Traore úr ensku úrvalsdeildinni, með Aston Villa og Middlesbrough, en þegar komið var í Championship-deildina tókst honum loksins að sýna sitt rétta andlit og var hann einn af bestu leikmönnum deildarinnar með Middlesbrough.

Það leiddi til þess að Wolves keypti Traore síðasta sumar fyrir átján milljónir punda. Fyrsta tímabil Traore með Úlfunum gekk illa og byrjaði hann aðeins átta leiki þegar Úlfarnir lentu í sjöunda sæti. Á síðasta tímabili fékk Traore aldrei að leika heilar 90 mínútur – í þeim átta leikjum sem hann byrjaði var hann tekinn af velli – en eftir heilt undirbúningstímabil með þjálfareymi Úlfanna hefur Traore byrjað leiktímabilið mun betur. Hann hefur byrjað fimm leiki af átta og sýndi um helgina hversu hættulegt vopn hann getur verið í sóknarleik Úlfanna.

kristinnpall@frettabladid.is

Fitulítill og  
próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is





Way of Life!

# SWIFT!

## HANNAÐUR FYRIR ÞÍNAR ÞARFIR



VERÐ FRÁ KR.  
**2.480.000**

**4X4**

SUZUKI SWIFT  
ER EINNIG  
FÁANLEGUR  
FJÓRHJÓLADRIFINN

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseginnleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift.

*Suzuki Swift Mild Hybrid útgáfa er spennandi valkostur.*

**Það er alltaf Suzuki veður!**



Suzuki á Íslandi



• Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



# Sætið undir Solskjær orðið ansi heitt

Hörmulegt gengi Manchester United hélt áfram um helgina þegar United tapaði fyrir Newcastle. Þetta var ellefti leikur liðsins á útivelli í röð án sigurs. Næsta verkefni er leikur gegn Liverpool sem gæti reynst banabiti stjóra Manchester United, annað árið í röð.

**ENSKI BOLTINN** Annað árið í röð gæti það orðið banabiti knattspyrnustjóra Manchester United að tapa fyrir Liverpool, ef Ole Gunnar Solskjær verður þá treyst fyrir því að stýra liði Manchester United áfram eftir hörmungar undanfarinna vikna. Liðið tapaði fyrir Newcastle um helgina sem þýðir að Manchester United er fimmtán stigum á eftir toppliði Liverpool þegar átta umferðir eru búnar og virðist ekki geta keypt sér útisigur. Síðasti útisigur félagsins í keppnisleik kom í byrjun mars þegar United vann 3-1 sigur á PSG en síðan þá hefur liðið leikið ellefu leiki á útivelli og tapað sjö þeirra. Er það lengsta bið félagsins eftir sigri á útivelli í þrjá áratugi. Ekki er árangurinn á heimavelli mikið betri því í síðustu 22 leikjum hefur Manchester United aðeins unnið fimm leiki. Er þetta versta byrjun Manchester United í deildinni í 29 ár og er félagið aðeins tveimur stigum frá fallsæti.

Solskjær skrifaði undir samning og tók við liðinu til frambúðar stuttu eftir að hafa stýrt því til sigurs í mögnuðum leik gegn PSG í Meistaradeild Evrópu enda var byr í seglum Solskjærs. Hann bætti fjölmörg met yfir flesta sigurleiki nýráðins knattspyrnustjóra félagsins og í fyrstu tólf leikjunum var uppskera Manchester United 32 stig, fimm stigum meira en næsta



Ole Gunnar Solskjær reynir að lesa yfir miðjumanninum Andreas Pereira í Newcastle í gær.. NORDICPHOTOS/GETTY

„Barna var ég að verða fertugur en fram að þessu hefði viðskiptafræði verið síðasta fagið sem ég hefði getað hugsað mér að læra. En mér fannst þetta skemmtilegt strax í byrjun og kláraði námið meðfram kennslunni árin á eftir,“ segir Bjarni.

Hann segir að honum hafi líkað öll fögin í skólanum vel, nema eitt. „Eitt fag fannst mér alveg ömurlegt og það var reikningshald, sem ég er svo búinn að vera að kenna sjálfur,“ segir hann brosandí.

Bjarni er ekki sá eini sem telur reikningshald með leiðinlegri áföngum sem kenndir eru í viðskiptafræðinni en þrátt fyrir það er áfanginn vinsæll meðal



**Eitt fag fannst mér alveg ömurlegt og það var reikningshald, sem ég er svo búinn að vera að kenna sjálfur.**

nemenda sem segja margir skemmtilegan karakter Bjarna ástæðuna.

„Ég er nú alltaf svolítið minnugur þess hvað mér fannst þetta ofbóðlega leiðinlegt þegar ég var að byrja í viðskiptafræði. Ég náði einhvern veginn alls ekki takti við þetta svo ég hef reynt að forðast að gera þetta á sama hátt og þessu var haldið að mér herna fyrst,“ segir Bjarni.

Bjarni leggur áherslu á það að setja efnið skýrt fram fyrir nemendur ásamt því að „krydda“ það með sögum og frásögnum tengdum efninu.

„Margar af þessum sögum eru nú sorgarsögur því að maður er dálítið að nefna hvernig eigi ekki að gera reikningskil því að það sem er mikilvægast er það að þau séu trúverðug og að samfélagið geti treyst þeim,“ segir Bjarni.

„Svo er það þannig að því lengra sem nemendurnir eru komnir í náminu því meira er hægt að krydda námsefnið og

gera það skemmtilegt, það snýr bara að því að þau eru komin með dýpri skilning á námsefninu, og ég hef orðið var við það hjá nemendum að þeim þyki þetta gaman, eða kannski ekki gaman en allavega fróðlegt,“ segir hann.

Bjarni kveður Háskólann, samstarfsfólk sitt og kennsluna með trega en segir þó tíma til kominn að hleypa nýju fólki að. „Ég mun klárlega sakna þess að kenna, en þetta er nú samt komið gott,“ segir Bjarni.

Hann hlakkar til að njóta lífsins en segir heilsuna góða svo að hann muni taka að sér verkefni af ýmsu tagi. Bjarni þýddi teiknimyndasögur með fram grunnskólakennslunni í áráraðir og hefur hann tekið upp á því að nýju síðustu ár. Hann hefur þýtt rúmlega hundrad sögur af Viggó viðutan, Sval og Val, Hinum fjórum fræknu og Goðheimum.

„Þeir gáfu ekki út alla seríuna af Goðheimum á sínum tíma svo að ég hef nú tekið eina bók á ári og rifjað þetta aðeins upp og það er mjög gaman,“ segir Bjarni „þetta eru ekki eins vitlausar bókmenntir og margir vilja vera láta, gömlu kollegar mínir úr íslenskunni ömuðust mikið við þessu og fannst það fyrir neðan virðingu íslenskumanna að þýða svona bókmenntir og að þær eyðilegðu lestraráhugann hjá börnum, en öðru nær, ég held að teiknimyndasögur geti orðið til þess að börn læri fyrr að lesa eða læri að lesa yfirhöfuð. Ég er bara mjög stoltur af því að hafa komið að þýðingum þessara bóka,“ segir Bjarni.

[birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**dr. Halldór I. Eliasson**  
stærðfræðingur, prófessor emeritus við Háskóla Íslands,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 1. október. Hann verður jarðsunninn frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 10. október klukkan 11.

**Björg Cortes Stefánsdóttir**

**Stefán V. Halldórsson**

**Anna Margrét Halldórsdóttir Haraldur Darri Haraldsson**  
**Steinar Ingimar Halldórsson Xue Li**  
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Guðmundsdóttir**  
frá Seli í Skaftafelli,

sem lést 24. september verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 9. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Grund.

**Kjartan Ragnarsson**

**Sigríður Margrét**

**Guðmundur Örn Ragnarsson**  
**Hörður Ragnarsson**

**Guðmundsdóttir**

**Jónína Lára Einarsdóttir**

**Jónína Sigurlaug**

**Marteinsdóttir**

**Inga Sigríður Ragnarsdóttir**

**Stefan Klar**

barnabörn og langömmubörn.

### Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is). Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á [frettabladid.is/timamot](http://frettabladid.is/timamot)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



# TÖSKUTRYLLINGUR!

## LOKA TILBOÐSDAGURINN



**40%**  
AFSLÁTTUR

**ALLAR**  
**FERÐATÖSKU-**  
**HLÍFAR**



**40%**  
AFSLÁTTUR



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 7. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Reykjavík  9   6 °C   K	Ísafjörður  7   3 °C   K	Akureyri  9   4 °C   K
Egilsstaðir  9   5 °C   K	Kirkjubæjarkl  9   14 °C   K	Hveravellir  5   8 °C   K

Suðaustan 3-10 með rigningu A-lands. Yfirleitt þurr annars staðar og léttskýjað á NV-landi. Hvessir í nótt. Austan- og norðaustanátt á morgun, víða 10-18 m/s en 18-23 syðst fram að hádegi. Rigning, einkum á Austfjörðum og SA-landi, en úrkomulítið V-lands. Hiti 7 til 13 stig.

## Þriðjudagur

Reykjavík  11   3 °C   K	Ísafjörður  6   10 °C   K	Akureyri  10   2 °C   K
Egilsstaðir  9   7 °C   K	Kirkjubæjarkl  10   9 °C   K	Hveravellir  6   5 °C   K

## Miðvikudagur

Reykjavík  8   4 °C   K	Ísafjörður  4   6 °C   K	Akureyri  4   3 °C   K
Egilsstaðir  5   4 °C   K	Kirkjubæjarkl  11   2 °C   K	Hveravellir  4   8 °C   K

### LÉTT

		8		5				7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9				7		
4		3	9	6	1			
1				7		9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

### MIDLUNGS

		5		2	6			7
	9				7		6	1
		8				9		
4					9			2
	8	9	1					6
1		3	5					
						2		
							1	8
5	4	2	8		1			

### PUNG

						7	2	4
4		6				3		5
					5			
	5	8	2					6
	4		6					
2					4			
							6	
	2	1	7				9	8
6		9	5	8				7

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
 1 kk. nafn  
 2 styrkur  
 6 óð  
 8 brottlaup  
 10 átt  
 11 skjögur  
 12 aðalstíll  
 13 gabb  
 15 gimsteinn  
 17 fíflast
- LÓDRÉTT**  
 1 sléttast  
 2 ávinna  
 3 kjafi  
 4 lagar  
 7 ruglast  
 9 trampa  
 12 planta  
 14 nudda  
 16 freri

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 Jakob, 5 afl, 6 ser, 8 fíflast, 10 na, 11 ríð, 12 jarl, 13 smúð, 15 túrkis, 17 ást. LÓDRÉTT: 1 jafnast, 2 afra, 3 kló, 4 bætr, 7 ríðast, 9 traðka, 12 jurt, 14 nua, 16 ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Róbert Lagerman (Skákfélagi Selfoss og nágrennis) átti leik gegn Hilmi Frey Heimissyni (Taflfélagi Reykjavíkur) á Íslandsmóti skákfélaga. **34...c2! 0-1.** Íslandsmeistarar Vikingaklúbbsins hafa tveggja vinninga forskot á Skákfélag Selfoss og nágrennis að loknum fyrra hluta Íslandsmóts skákfélaga sem fram fór um helgina í Rimaskóla. Skákfélagið Huginn er í þriðja sæti. Hörð barátta er um sex efstu sætin sem gefa keppnisrétt í nýrri úrvalsdeild að ári. [www.skak.is](http://www.skak.is): Allt um Íslandsmót skákfélaga.

### Svartur á leik



3	7	9	6	1	2	5	8	4
8	1	4	3	7	5	6	9	2
2	5	6	8	9	4	1	3	7
6	9	3	4	2	8	7	1	5
4	8	1	7	5	3	2	6	9
5	2	7	9	6	1	3	4	8
9	6	8	5	3	7	4	2	1
7	3	2	1	4	9	8	5	6
1	4	5	2	8	6	9	7	3

4	1	9	2	8	5	3	6	7
8	6	3	9	1	7	5	2	4
2	5	7	3	4	6	9	8	1
9	7	8	6	5	3	4	1	2
1	2	6	7	9	4	8	5	3
3	4	5	8	2	1	6	7	9
5	8	4	1	7	9	2	3	6
6	9	1	5	3	2	7	4	8
7	3	2	4	6	8	1	9	5

4	6	2	9	5	7	3	1	8
7	8	3	6	1	2	5	9	4
5	9	1	8	4	3	7	2	6
9	1	4	7	2	5	6	8	3
6	3	7	1	8	4	9	5	2
8	2	5	3	6	9	1	4	7
1	4	9	2	7	6	8	3	5
2	7	8	5	3	1	4	6	9
3	5	6	4	9	8	2	7	1


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frade Överli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**UpGrade ZERO íþróttadrykkur**  
 Sykurlaus drykkur með magnesíum og án koffíns

**Nýtt í Bónus!**  
**98 kr./500 ml**  
 UpGrade ZERO íþróttadrykkur 500 ml, 2 teg.

**BONUS** **EKKERT BRUÐ!**

Vissir þú að...  
 Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

**Barnaheill**  
 Save the Children á Íslandi



 **Stilling**

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**



**Rafgeymar**



**Smursiur**



*Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar*



*Tímareimar og vatnsdælur*



**Kúplingar**



*Demparar, gormar og stýrisendar*

**Hemlahlutir**



 **Stilling**  
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# Að eiga erindi

**Fjórða ljóðabók Bubba Morthens fjallar um flóttafólk, illskuna og kærleikann. Hann segir mikilvægt að þora að segja hlutina.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Velkomin er fjórða ljóðabók Bubba Morthens en áður hafa komið út Óskradu gat á myrkrið, Hreistur og Rof sem hlutu afbragðsgóðar viðtökur. Velkomin fjallar um hlutskipti flóttafólks. „Ég er að fjalla um almennt sinnuleysi okkar og ótta við að manneskjur úr öðrum menningarsamfélögum séu að taka eitthvað frá okkur og ógni tilverurétti okkar. Um leið er ég að fjalla um illskuna og kærleikann,“ segir Bubbi.

„Manneskjan er furðulega samansett og við erum svo fljót að gleyma. Nánast hvert einasta illvirki og grimmdarverk sem við heyrum í fréttum hljómar eins og það fyrsta. Nú upplifum við stærstu fólksflutninga mannkynssögunnar og það eina sem flóttafólk sem kemur til Íslands leitast að er opinn faðmur, kærleikur og möguleikar fyrir börnin þeirra.

Þetta eru umfjöllunarefnið í þessari bók Velkomin. Ég er búinn



„Ég er dálítið gamaldags, mér finnst að menn eigi að hafa erindi,“ segir Bubbi FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**EFTIR 30-50 ÁR FINNST MÉR LÍKLEGT AÐ ÞJÓÐIR HEIMS EIGI EFTIR AÐ SKAMMAST SÍN FYRIR ÞETTA TÍMABIL.**

að vera í æði langan tíma að skrifa hana, byrjaði fyrir einum fimm árum og er búinn að skrifa hana oft. Upphaflega fjallaði ég þar meira um trú og þráðinn milli kristni og múslima og búddisma. Svo henti ég út stórum hluta af því og hélt mig við einhvers konar órætt ferðalag fólks hingað og viðbrögð okkar og blandaði þar inn í alls kyns hug-

leiðingum. Um leið fannst mér að það yrði að vera ákveðin óreiða í frásögninni. Það er engin bein lína á milli lands þar sem fólk er slátrað eins og búfenaði og ferðalags flóttafólks sem endar loks á Íslandi. Mér þykir mjög ólíklegt að þetta fólk hafi hugsað með sér: Við verðum að reyna að komast til Íslands. Ég held að Ísland sé neyðarlending. Þá skiptir svo miklu máli að við tökum óttalaus á móti fólkinu og umföðum það. Þarna bætast við falleg blóm í garðinn okkar.“

#### Liggur mikið á hjarta

Það er greinilegt að Bubba liggur mikið á hjarta í þessari bók. „Ég er dálítið gamaldags, mér finnst að menn eigi að hafa erindi,“ segir hann. „Maður verður að þora að segja hlutina og sérstaklega á tímum

þar sem ýmsir leiðtogar veraldar virða engin mörk. Þeir neita að taka á móti flóttafólki og láta sig neyð barna engu varða. Eftir 30-50 ár finnst mér líklegt að þjóðir heims eigi eftir að skammast sín fyrir þetta tímabil.“

#### Barn sem brillerar

Bubbi segir að Velkomin hafi verið tilbúin á undan ljóðabókinni Rofi. „Ég var ekki alveg viss hvenær rétt væri að senda hana frá mér. Núna er hárrétti tíminn. Við höfum fólk eins og Miðflokksmenn sem gera út á kvíða og ótta. Þeir njóta stuðnings fólks sem finnst að stjórnmöld og þjóðfélagið hafi sviikið það og það hafi ekki fengið sín tækifæri. Þetta eru þau fiskimið sem Miðflokksmenn gera út á. Þeir eru eins og púkinn á fjósbitanum, fitna við

hvert ólag. Klaustursmálið er gott dæmi um það. Þeir misstu æruna en eru að græða á málinu.

Menn eins og Miðflokksmenn svífast einskis og gera grín að Gretu Thunberg. Það sem undrar mig er að allir skuli ekki segja: Þvílíkt undur, að sextán ára stelpa geti blásið eld í sína eigin kynslóð út um allan heim, þannig að börn gerast meðvituð um það hvernig við eldra fólk höfum gengið um jörðina okkar. Ég skil ekki að einhverjum skuli detta í hug að ráðast á barn sem er að brillera og gefa líka í skyn að ekki sé sniðugt að hleypta útlendingum inn í landið og ekki sé sniðugt að vera í samfloti við aðrar þjóðir og Ísland sé bara fyrir Íslendinga.

Ef einhvern tímann hefur verið þörf á kærleika, alúð, vinsemi og hlýjum orðum þá er það í dag.“

## Kjarval fyrir æskuna

### BÆKUR

**Kjarval – Málariinn sem fór sínar eigin leiðir**

★★★★★

Margrét Tryggvadóttir

Útgefandi: Iðunn  
Blaðsíður: 96

Bók Margrétar Tryggvadóttur um Jóhannes Kjarval hlýtur að teljast með fallegri bókum þessa árs. Alexandra Buhl ber ábyrgð á hönnun og kápu og hefur þar staðið sig frábærlega. Fjöldi mynda og ljósmynda prýðir bókina og hljóta þær að heilla alla lesendur. Bókin er sérstaklega ætluð börnum og unglungum en ætti þó að höfða til allra aldurshópa.

Texti Margrétar Tryggvadóttur er sérlega lipur og læsilegur og hún kemur fróðleik til skila á einfaldan og skýran hátt. Fyrsti kafli bókarrinnar, Maðurinn í hrauninu, er myndræn sviðsetning af Kjarval þar sem hann stendur við trönur í miðju hrauni og málur. Þetta er afar vel skrifaður og heillandi upphafskafli. Ungur lesandi hlýtur að vilja vita meira um þennan mann, hvaðan hann kom, hvað varð um

hann og hvernig verk hann skapaði. Öllu þessu og svo miklu fleira til svars Margrét í heillandi og fróðlegri bók. Hún skrifar um Kjarval af hlýju og skilningi en leynir ekki göllum hans, eins og opinberast einna best í frásögnum af hjónabandi hans og fjölskyldulífi. Margrét tekst það sem er svo mikilvægt í bók eins og þessari að bregða upp eftirminnilegri mynd af stórkostlegum listamanni og afar sérstökum persónuleika.

Auk þess að segja frá Kjarval, lífshlaupi hans og verkum dregur Margrét upp mynd af samtíma málarsans. Myndir af verkum Kjarvals, ljósmyndir af honum og tengdar honum eru sérstakt augnmyndi.

Ungmenni landsins eru ansi

mörg listræn og listelsk og munu fagna því að fræðast um einn helsta myndlistarmann þjóðarinnar í bók eins og þessari. Margrét hefur lýst yfir áhuga á að skrifa aðra bók í svipudum stíl og þá um Nínu Tryggvadóttur. Vonandi verður af því og best væri auðvitað ef til yrði sérstakur bóka-flokkur um merkustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Æskan á skilið að fá slíkar bækur í hendur. Bókin um Kjarval er því vonandi fyrsta bókinn af mörgum.

Kolbrún Bergþórsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Falleg og vönduð bók fyrir ungmenni um einn merkasta myndlistarmann þjóðarinnar fyrr og síðar. Texti Margrétar Tryggvadóttur er ljómandi góður og fræðandi og myndskreytingar eru heillandi. Hér er einstaklega vel að verki staðið.



Mynd eftir Kjarval, en verk hans höfða einkar vel til barna enda leynast þar oft alls kyns verur.



# Sjálfs hjálparbók handa hræddum heimi

## BÆKUR

### Um tímann og vatnið



Andri Snær Magnason

Útgefandi: Mál og menning  
Blaðsíður: 320

Við lifum sérstaka tíma. Tíma þar sem heimurinn breytist á áður óþekktum hraða, þar sem mennirnir hafa farið fram úr sjálfum sér í framförum og keyra á fullu stími fram af þolmörkum jarðarinnar. Vísindamenn hafa áratugum saman reynt að leiða okkur fyrir sjónir hvert stefnir en við þrjóskumst við, neitum að gefa upp það sem okkur hefur verið talin trú um að séu þægingindi og frelsi, forðumst að horfast í augu við staðreyndir sem eru of skelfilegar til að við afberum þær.

Í bókinni Um tímann og vatnið lýsir Andri Snær Magnason fundi sem hann átti við loftslagsvísindamann í Potsdam sem sagðist ekki eiga réttu orðin og brýndi hann sem orðsins mann til að segja frá loftslagsvandinum þannig að almenningur skildi. Í bókinni tekst Andri Snær það verkefni á hendur og útkoman er einstakt verk.

### Ný sjónarhorn

Andri Snær er magnaður málsnillingur en stærsta skáldgáfa hans er að færa lesendum ný sjónarhorn, nýjar víddir og það gerir hann af einstakri list í þessari bók. Hann málar með tungumálinu skiljanlegar myndir af því sem er að gerast í heiminum, skýrir vísindahugtök sem tengjast loftslagsmálum, eins og súrnun sjávar, á skáldlegan og



Útkoman er einstakt verk, segir gagnrýnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

einfaldan hátt, fjallar um tímann með því að setja afa sína og ömmur í samhengi við sig og börnin sín, segir sögur af þeim heimi sem þau fæddust inn í, hvað hefur breyst og hvað

hefur ekki breyst og hvað hefði ekki átt að breytast en breyttist samt.

Hann segir einnig á einfaldan en áhrifamikinn hátt frá því hvernig jökla heimsins eru undirstaða lífs

á fjölmörgum svæðum, tengir göðsögur um kýr við vísindi um vatn og samræður við Dalai Lama og nær að koma til skila skýrri og tærri heimsmynd sem er skiljanleg og vísindaleg í senn.

Og hann veltir fyrir sér framtíð þar sem heimurinn er kannski ekki alveg ónýtur en breyttur á óafturkræfan hátt og hvernig ekki bara umhverfið heldur líka tungumálið þarf að bregðast við því þegar orð passar ekki lengur við stað. „Getur stærsti skógur á Íslandi heitið Skeiðarársandur?“ (bls. 188)

### Það er von

Um tímann og vatnið minnir um margt á aðra bók Andra Snæs, Draumlandið, sjálfs hjálparbók handa hræddri þjóð, og undirtitill þessarar bókar gæti verið Sjálfs hjálparbók handa hræddum heimi. Heimurinn, sá hluti hans sem er upplýstur og skynugur, er stjarfur af hræðslu við loftslagsbreytingar, svo stjarfur að hann megnar ekki að bregðast við. Þrátt fyrir raunsæjar lýsingar Andra Snæs á ástandinu og framtíðinni, verði ekkert að gert, blæs hann lesendum líka baráttuanda í brjóst, það er tækifæri og það er

**ANDRI SNÆR ER MAGNAÐUR MÁLSNILLINGUR EN STÆRSTA SKÁLDGÁFA HANS ER AÐ FÆRA LESENDUM NÝ SJÓNARHORN, NÝJAR VÍDDIR OG ÞAÐ GERIR HANN AF EINSTAKRI LIST Í ÞESSARI BÓK.**



von en hún er háð því að við bregðumst við núna. Báðar sækja bækurnar titla í íslenskan skáldskap og bókinn gæti líka heitið Um tímann, vatnið og tunguna, þrenningu sanna og eina því hún fjallar ekki síst um mikilvægi tungumálsins og þess að eiga orð til að túlka og tjá, miðla upplýsingum en ekki síður tilfinningum, viðhorfi og von.

Í vikunni bárust þær fréttir að

útgáfuréttur að bókinni Um

tímann og vatnið hafi verið seldur til fjórtán landa um allan heim. Sem er vel. Þetta er bók sem allir í heiminum ættu að lesa.

Brynhildur Björnsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifamikil og mögnuð bók, frábærlega skrifuð og sérlega mikilvæg.

# Simaveski.is

Símaveski,  
heyrnartól, snúrur  
og allt fyrir  
símann.

Líka netverslun



Simaveski.is, S. 517 0150 – Verslun í Smáralind 2 hæð sama rými og blekhyli.is



## Mánudagur



HÚSASMÍÐJAN

kemi  
Svo allt gangi smurt

Í KVÖLD

GULLI BYGGIR

## RÚV SJÓNVARP

- 13.00** Útsvar 2017-2018 Reykjanesbær - Rangárþing ytra  
**14.25** Enn ein stöðin  
**14.50** Maður er nefndur Einar Baldvin Pálsson Í þessum þætti ræðir Hannes Hólmsteinn Gissurarson við Einar Baldvin Pálsson verkfræðing og prófessor. Hann segir frá æsku sinni og uppveiti á Akureyri, þar sem hann hitti meðal annars Matthías Jochumsson og sá hafis fylla Eyjafjörð frostaveturinn mikla 1918. Einar segir líka frá veru sinni í Höfða í Reykjavík, þar sem hann bjó, frá starfi sínu sem þingsveinn árin 1921-1923 og helstu þingmönnum á þeirri tíð, svo sem Jónasi frá Hríflu, Jóni Þorlákssyni, Sigurði Eggerz og Benedikt Sveinssyni og frá Alþingishátíðinni 1930 þar sem hann var starfsmaður. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.  
**15.30** Af fingrum fram Bjartmar Guðlaugsson Þáttaröð frá 2003-2004 þar sem Jón Ólafsson ræðir við þekktu tónlistarmenn. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. e.  
**16.15** Reimleikar  
**16.45** Silfrið  
**17.50** Táknafréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Lalli  
**18.08** Minnsti maður í heimi  
**18.09** Símon  
**18.15** Refurinn Pablo  
**18.20** Letibjörn og læmingjarnir Teiknimyndapættir um björn sem býr í þjóðgarði í Kanada og heldur að hús skógarvarðarins sé yfirráðasvæði hans þegar skógarvörðurinn bregður sér frá. Vandmálið er að hópur læmingja hefst einnig við í húsinu og sambúð bjarnarins og læmingjanna gengur ekki sérstaklega vel.  
**18.27** Klingjur  
**18.38** Móí  
**18.50** Krakkafréttir  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Kastljós  
**19.50** Menningin  
**20.05** Reikistjörnurnar  
**21.10** Hernám Önnur syrpa þessara norsku spennuþátta sem byggðir eru á hugmynd Jos Nesbø hefst sex mánuðum eftir lok fyrstu þáttaraðar. Noregur er enn undir hernámi Rússa og forsætisráðherra Noregs hefur verið sendur í útleð til Svíþjóðar þar sem hann leitar leiða til ná aftur tókum á landi sínu. Aðalhlutverk: Henrik Mestad, Eldar Skar og Ane Dahl Torp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veður  
**22.20** Kraftwerk - Popplist  
**23.20** Króníkan  
**00.20** Dagskrárlök

## GOLFSTÖÐIN

- 07.30** Volunteers of America Classic Útsending frá Volunteers of America Classic á PGA-mótariðinni.  
**10.30** Shriners Hospitals for Children Open Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA-mótariðinni.  
**13.30** Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.  
**14.20** Volunteers of America Classic  
**17.20** Shriners Hospitals for Children Open  
**20.20** PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.  
**21.15** The Open Official Film

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify  
**08.00** Dr. Phil  
**08.45** The Late Late Show  
**09.30** Síminn + Spotify  
**12.00** Everybody Loves Raymond  
**12.20** The King of Queens  
**12.40** How I Met Your Mother  
**13.05** Dr. Phil  
**13.50** Læknirinn í Ölpunum  
**14.20** Jane the Virgin  
**15.05** 90210  
**16.00** Malcolm in the Middle  
**16.20** Everybody Loves Raymond  
**16.45** The King of Queens  
**17.05** How I Met Your Mother  
**17.30** Dr. Phil  
**18.15** The Late Late Show  
**19.00** America's Funniest Home Videos  
**19.20** Speechless  
**19.45** Superstore  
**20.10** Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back  
**21.00** Seal Team  
**21.50** MacGyver  
**22.35** Det som göms i snö  
**23.20** The Late Late Show  
**00.05** NCIS  
**00.50** The Good Fight  
**01.35** Grand Hotel  
**02.20** Baskets  
**02.45** White Famous

## RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins  
**06.50** Morgunvaktin  
**07.00** Fréttir  
**07.30** Fréttayfirlit  
**08.00** Morgunfréttir  
**08.30** Fréttayfirlit  
**09.00** Fréttir  
**09.05** Segðu mér Friðgeir Einarsson leikari  
**09.45** Morgunleikfimi  
**10.00** Fréttir  
**10.03** Veðurfregnir  
**10.13** Flugur Lukas Nelson  
**11.00** Fréttir  
**11.03** Mannlegi þátturinn  
**12.00** Fréttir  
**12.02** Hádegisútvarp  
**12.20** Hádegisfréttir  
**12.40** Veðurfregnir  
**12.50** Dánarfregnir  
**12.55** Samfélagið  
**14.00** Fréttir  
**14.03** Til allra átta Kære nordiske venner...  
**15.00** Fréttir  
**15.03** Fyrir sunnan sand  
**16.00** Siðdegisfréttir  
**16.05** Háttalarinn  
**17.00** Fréttir  
**17.03** Lestin  
**18.00** Spegillinn  
**18.30** Krakkavíkan  
**18.50** Veðurfregnir  
**18.53** Dánarfregnir  
**19.00** Endurómur úr Evrópu  
**20.35** Mannlegi þátturinn  
**21.30** Kvöldasagan: Birtingur  
**22.00** Fréttir  
**22.05** Veðurfregnir  
**22.10** Samfélagið  
**23.00** Lestin  
**00.00** Fréttir  
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.50** Paterno  
**12.35** Sleepless in Seattle  
**14.20** Stepmom  
**16.25** Paterno  
**18.10** Sleepless in Seattle  
**19.55** Stepmom  
**22.00** An Ordinary Man  
**23.30** American Assassin  
**01.20** Why Stop Now  
**02.50** An Ordinary Man

## STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons  
**07.25** Friends  
**07.45** Gilmore Girls  
**08.30** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** Divorce  
**10.05** Allir geta dansað  
**11.55** Landnemarnir  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** American Idol  
**14.25** United Skates  
**15.50** The Big Bang Theory  
**16.10** Lego Masters  
**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrannar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.55** Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.  
**19.10** Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.20** Veður  
**19.25** Gulli byggir  
**20.00** Grand Designs: The Street  
**20.50** Temple  
**21.35** The Righteous Gemstones  
**22.05** StartUp  
**22.50** 60 Minutes  
**23.35** Succession  
**00.35** All Rise  
**01.20** A Confession  
**02.10** The Deuce  
**03.10** Greyzone  
**03.50** Greyzone  
**04.35** The Detour  
**04.55** The Detour  
**05.20** The Detour

## STÖÐ 3

- 19.10** Mom  
**19.35** The Big Bang Theory  
**20.00** Friends  
**20.25** Seinfeld  
**20.50** It's Always Sunny in Philadelphia  
**21.15** Empire  
**22.00** Who Do You Think You Are?  
**23.00** Peaky Blinders  
**00.00** Claws  
**00.45** Mom  
**01.10** The Big Bang Theory  
**01.30** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

- 07.00** Genoa - AC Milan  
**08.40** Real Madrid - Granada  
**10.20** Oakland Raiders - Chicago Bears Útsending frá leik í NFL.  
**12.40** Dallas Cowboys - Green Bay Packers Útsending frá leik í NFL.  
**15.00** KR - Grindavík Útsending frá leik í Domino's-deild karla.  
**16.40** Real Valladolid - Atletico Madrid Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.  
**18.20** Ítölsku mörkin  
**18.50** Spænsku mörkin  
**19.20** ÍR - Stjarnan Bein útsending frá leik í Olis-deild karla.  
**21.00** Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni, EFL.  
**21.30** Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur  
**21.55** Domino's körfuboltakvöld Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.  
**23.35** Þór Þ. - Stjarnan Útsending frá leik Þórs í Domino's-deild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 18.55** Bolton - Blackpool Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

Tryggðu þér áskrift  
stod2.is | 1817



# Þú finnur besta verðið á Já.is

🔍 Raftæki

Já.is leitar að besta verðinu í öllum íslenskum vefverslunum fyrir þig. Þú getur líka búið til óskalista með þínum uppáhaldsvörum og fengið tilkynningu þegar vöruverð breytist.

Ef þú ert í innkaupahugleiðingum er Já.is ómetanlegur félagi.



já

er svarið



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



www.husgagnahollin.is

SÓFAR  
TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði\*



### KIRUNA

Hornsófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

145.153 kr.

~~179.990 kr.~~



### CLEVELAND

3ja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði eða svart leður.

Áklæði: : 208 x 86 x 81 cm

Leður: : 208 x 86 x 81 cm

68.540 kr.

108.863 kr.

~~84.990 kr.~~

~~134.990 kr.~~



### PINTO

3ja OG 4ra sæta sófar úr sterku bonded leðri (leður-blöndu). Fáanlegir steingrárir eða koníaksbrúnir. Innra byrði púðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járn. Stærð: 150 x 90 x 96 cm

3ja sæta: 150 x 90 x 96 cm

4ra sæta: 253 x 97 x 85 cm

129.024 kr.

161.282 kr.

~~159.990 kr.~~

~~199.990 kr.~~

\* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga  
Ísafjörður Skeiði 1



Ellen segir að vefurinn sé nokkurs konar markaðstorg og milliliður milli stílistans og viðskiptavinarins.

# Stílistapjónusta verði aðgengilegri

Ellen Ragnars Sværisdóttir setti á fót markaðsvettvang þar sem stílistar bjóða þjónustu sína. Þar getur fólk nálgast þjónustu stílista á aðgengilegan hátt og fengið ráðgjöf um klæðaburð og útlit.

Athafnakonan Ellen Ragnars Sværisdóttir hefur nú sett á laggirnar markaðsvettvang, RAGNARS, þar sem fólk getur notið aðstoðar stílista. Fyrst um sinn er vefsíðan stíluð inn á breskan markað, en það er á döfinni að bjóða líka upp á þjónustu íslenskra stílista.

#### Ný og endurbætt síða

„Við settum upp endurbætta síðu í september. Mig langaði að gera svona þjónustu aðgengilegri og gagnsærri. Mér finnst að þetta eigi að vera eðlilegt skref í því að byggja sig upp, bara svona eins og þegar fólk fer til einkabjálfa til dæmis. Þá er ég alls ekki að gera lítið úr einkabjálfa. En það er oft þannig að fólk er búið að vera mikið í ræktinni og taka til í lífi sínu, en vanrækir alveg þessa hlið. Svo skilur fólk kannski ekki af hverju sjálfs-traustið er ekki að aukast,“ segir Ellen.

Hún segir það stundum gleymast hjá fólkum sem er að bæta líf sitt að það hjálpi mikið að vera smekklega til fara og líta vel út.

„Fólk sem stendur kannski í skilnaði eða er einfaldlega að reyna að koma sér í betra form, fattar stundum ekki af hverju líðanin er ekki að batna. Mér finnst það vera mikilvægt skref í því að auka sjálfs-traustið að fara til stílista.“

Síðan sé því nokkurs konar markaðstorg fyrir stílista. RAGNARS sé milliliðurinn milli stílistans og viðskiptavinarins.

EN ÞAD ER OFT ÞANNIG AÐ FÓLK ER BÚIÐ AÐ VERA MIKIÐ Í RÆKT-INNI OG TAKA TIL Í LÍFI SÍNU, EN VANRÆKIR ALVEG ÞESSA HLIÐ. SVO SKILUR FÓLK KANNSKI EKKI AF HVERJU SJÁLFTAUSTIÐ ER EKKI AÐ AUKAST.

VIÐ BJÓÐUM UPP Á ÞJÓNUSTU FRÁ UM FJÖRUTÍU STÍLISTUM Á SÍÐUNNI Í DAG OG MARGIR AF ÞEIM HAFU UNNIÐ MEÐ HEIMSPÉKKTUM STJÓRNUM Á BORDI VIÐ GORDON RAMSAY OG DAVID BECKHAM.

Sniðugt fyrir upptekið fólk  
Hún segir persónulega stílista geta hjálpað manni við svo margt, til

dæmis að pakka fyrir ferðalög eða aðstoða við fataval fyrir mikilvæga fundi. En fyrst og fremst sé þetta liður í að hjálpa fólk að líða betur með sjálf sig.

„Ég ferðaðist mikið vegna vinnu á sínum tíma og þekki þetta því ágætlega. Þá fann ég fyrir því hvað svona þjónusta væri sniðug og fór að skoða hvað stæði til bóða í þessum málum.“

Hún segir þeirra helsta markhóp vera upptekið fólk sem getur oft ekki gefið sér tíma í að sinna þessu sjálf.

„Svo er þetta vinsælt hjá mæðrum sem eru kannski að snúa aftur til vinnu eftir fæðingarorlofið. Líkaminn hefur kannski breyst og þær langar mikið að auka sjálfs-traustið.“

**Stefna síðar á íslenskan markað**  
Margir þekktir stílistar í Bretlandi bjóða fram þjónustu sína á síðunni.

„Fólk hérlandis getur nýtt þjónustuna í gegnum netið, þar sem það getur fengið ráð frá stílistum. En ég er nú þegar í samskiptum við marga flottustu stílistana hérna heima, þannig að stefnan er að bjóða upp á það þegar á líður.“

Hún segir stílistana mjög ánægða með fyrirkomulagið en fyrirtækið varð að hafna 170 stílistum.

„Við bjóðum upp á þjónustu frá um fjörutíu stílistum á síðunni í dag og margir af þeim hafa unnið með heimspekknum stjórnum á bordi við Gordon Ramsay og David Beckham.“

Hægt er að nálgast þjónustuna á RAGNARS.com.  
steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason [guustaf@frettabladid.is](mailto:guustaf@frettabladid.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Hlynur Þór Steingrímsson, [hlynur@frettabladid.is](mailto:hlynur@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Svava O'Brien [svava@frettabladid.is](mailto:svava@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is) FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@frettabladid.is](mailto:vidar@frettabladid.is) ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



# SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ  
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI



HÚÐOFNÆMI,  
**NEI TAKK**



# Neutral<sup>®</sup>

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK





## BAKÞANKAR

Láru G.  
Sigurðardóttur



## Að hafa kjark og dug

Asbest var lengi álitíð afbragðs einangrunar- og byggingarefni. Um 1935 var orðið ljóst að þeim sem vinna við asbest er hættara við lungnasjúkdómum sem koma fram á 10-15 árum. Þrátt fyrir það liðu sjötíu ár þar til allsherjarbann við notkun asbests gekk í gildi árið 2005.

Lungun eru í lykilhutverki. Á hverjum sólarhring andar þú meira en 4.000 litrum af andrúmslofti. Ummál lungna er á við tennisvöll sem sýnir hversu gríðarlega mikilvægt er fyrir líkamann að fá nægt súrefni. Eflungnablöðurnar eyðileggjast þá kafnar viðkomandi.

Nú er kominn fram nýr lungnasjúkdómur með þekktu orsök. Rafsigarettur hafa valdið skaða á lungnablöðrum ófárra unglinga. Það vekur óhug þar sem um 15% barna í tíunda bekk reykja rafsigarettur samkvæmt nýrri skýrslu. Þetta hlutfall gæti verið hærra því einhverjir þora ekki að segja rétt frá.

Unglingar eru á viðkvæmu þroskaskeiði. Á sama tíma og þeir eru að undirbúa sjálfstæði sitt er þeim hættara við að taka ákvarðanir út frá hvatvísi því framheili þeirra tekur síðast út þroska. Taugafrumur heilans eru ekki fullviraðar sem gerir þeim auk þess hættara við að anetjast fikniefnum.

Nú heyrum við að yfirvöld vilji skoða reglur um sölu á rafsigarettum. Erum við að fara í annað asbestferli þar sem málið mun taka áratugi áður en almennilega er tekið á þessu? Í San Francisco er búið að banna sölu á rafsigarettum. Það má fara milliveg og selja einungis rafsigarettur í apótekum sem töl til að hætta sigarettreykingum, enda voru þær upphaflega ætlaðar til þess. Sveitarfélög geta tekið á þessum málum ef Alþingi hefur hvorki kjark né dug til að afstýra þessu lýðheilsuslysi.

## SAMSUNG

## Galaxy S10e | S10+

# Samsung sæla!

-10.000 kr.  
afsláttur

Samsung  
**Galaxy S10+ 128 GB**

**139.990 kr.** stgr.

Fullt verð: ~~149.990 kr~~

Samsung  
**Galaxy S10e 128 GB**


**99.990 kr.** stgr.

Fullt verð: ~~109.990 kr~~




### Besti farsímadíllinn hjá Nova!

Notkun fygir! Skilað og skipt! Afsláttur af aukahlutum! Endurgæddu!




Samsung  
**Galaxy A20e 32 GB**

**29.990 kr.** stgr.



Samsung  
**Galaxy A40 64 GB**

**39.990 kr.** stgr.



Samsung  
**Galaxy A50 128 GB**

**49.990 kr.** stgr.



Sæktu Nova appið!  
Frítt stöff og sjóðandi heit 2f1 tilboð.

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

# NOVA

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

Verð áður: 1.990  
**990**  
KR/KG  
**GOTTERÍ**  
Kvikk  
ON THE GO

LÍFIÐ ER  
**GOTTERÍ**  
50%  
AFSLÁTTUR  
FIM-SUN  
**GOTTERÍ**  
Verð áður: 1.990  
**990**  
KR/KG  
Kvikk  
ON THE GO



# Fjölþætt þjónusta við fyrirtæki og sveitarfélög

## Söfnun á endurvinnslu-efni og sorpi

Við þjónustum heimili og fyrirtæki um allt land. Við sækjum efnin og komum þeim þangað sem þau gera mest gagn. Þannig stuðlum við að því að efnin fái það framhaldslíf sem þau eiga skilið. Við hvetjum til flokkunar og veitum þá ráðgjöf sem þarf til að auðvelda ferlið.

## Djúpgámar

Djúpgámarnir rúma mikið sorp en taka lítið pláss á yfirborðinu. Snjöll og nútímaleg lausn fyrir fjölbýlishús og fjölfarna staði.



## Gámaleiga


Við leigjum þér krókgáma og önnur ílát undir öll efni sem falla til. Margar stærðir og útfærslur í boði. Þú flokkar eða lætur okkur um það, þitt er valið.

## Pressur

Við seljum og leigjum baggapressur sem henta vel til að pressa pappa, pappír, plast, frauðplast, sorp og önnur efni. Ýmsar stærðir í boði sem henta fyrir ólík verkefni.

## Smáhúsi

Við seljum og leigjum vinnuskúra og vinnubúðir, færanleg eldhús, skrifstofurými, ferðasalarni, hjólageymslur og önnur smáhúsi. Sama hvað stendur til, þú átt erindi við okkur.



## Skjalaeyðing

Öryggi við meðhöndlun trúnaðargagna er hverju fyrirtæki mikilvægt. Þetta vitum við og bjóðum trausta, vottaða þjónustu við eyðingu gagna, bæði á pappírsmáli og rafrænu máli.



## Eyðing efna

Hættuleg efni kalla á sérfræðipækkingu og fagmennsku við meðhöndlun. Við sækjum eða tökum á móti spilliefnum, raftækjaúrgangi, matarolíu og fleiri efnum og komum þeim í réttan farveg, hvort sem hann er endurvinnsla eða eyðing.




## Tölfræðiupplýsingar

Á Mínum síðum heldur þú utan um öll þín viðskipti við okkur. Fylgist með hvernig fyrirtækið er að standa sig í endurvinnslu-markmiðunum sínum, fylgist með losunum, pantar þjónustu og gengur frá þínum málum.





# Við hjálpum heimilum að vera til fyrirmyndar



## Endurvinnslutunnan


Í endurvinnslutunnuna okkar fer pappír, pappi, plastumbúðir og málmar. Við flokkum efnið og sjáum um að koma þessu öllu í endurvinnslu.

## Garðatunnan

Draumur garðyrkjumannsins. Þú leigir hana yfir sumartímann og fyllir hana af grasi, greinum og laufum sem við breytum í moltu.

## Geymslugámaleiga

Hagkvæm og einföld lausn á ýmsum geymsluvandamálum til skemmri eða lengri tíma. Hentar t.d. til geymslu á búslóðum eða árstíðabundnum söluvörum.



## Krókgámaleiga

Eru framkvæmdir framundan? Við leigjum þér gám undir öll efni sem falla til. Margar stærðir og útfærslur í boði. Þú flokkar eða lætur okkur um málið, þitt er valið.



## Molta og kurl

Vantar þig moltu eða timburkurl? Við umbreytum lífrænum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum í moltu, kröftugan jarðvegsbæti sem náttúran elskar. Timburkurlið okkar er vinsælt í beð og á gangstíga.

